

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 356/1990. **Gísli G. Ísleifsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Bertu Kristinsdóttur

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Meiðyrðamál. Ómerking ummæla. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og stefndu gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði verði látinn niður falla.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í júnímánuði 1988 var þáverandi presti Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík veitt lausn frá störfum frá og með 1. júlí það ár að ákvörðun safnaðarstjórnar, sem kjörin var á aðalfundi 29. maí sama ár. Stefnda var þá varaformaður stjórnarinnar og átti hlut að þessari ákvörðun. Hún hafði áður starfað að málefnum safnaðarins um árabíl, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, og meðal annars setið í stjórn fyrra árs. Áfrýjandi var félagi í söfnuðinum og hafði tekið þátt í starfi hans um nokkurt skeið. Hafði hann átt sæti í safnaðarstjórn frá aðalfundi 24. júní 1987 til fyrrnefnds aðalfundar sem formaður stjórnarinnar.

Í Morgunblaðinu 2. júlí 1988 birtist greinargerð frá safnaðarstjórn Fríkirkjunnar, þar sem lýst var tildrögum að umræddri ákvörðun. Kvaðst stjórnin telja rétt að útskýra málið til hlítar vegna ónákvæmrar umfjöllunar í fjölmiðlum um ástæður til hennar. Ritaði stefnda undir greinargerð þessa ásamt formanni og fjórum öðrum stjórnarmönnum. Í henni voru rakin ýmis viðkvæm atvik og málefni, er vörðuðu starf prestsins og samskipti hans við safnaðarstjórn, meðal annars með birtingu á orðréttu efni erindisbréfs til hans og annarra bréfa. Var presturinn borinn ýmsum þungum sökum og ummæli viðhöfð, sem telja mátti meiðandi ýmist að efni

eða búningi. Einnig var víkið að nokkrum atvikum úr formannsstarfi áfrýjanda í ásökunartón.

Hið opna bréf áfrýjanda í Morgunblaðinu 15. júlí 1988, sem mál þetta varðar, var ritað í tilefni birtingar þessarar greinargerðar og til svars við ýmsu efni hennar. Var tilgangur hans greinilega sá fyrst og fremst að taka upp hanskann fyrir prest safnaðarins gagnvart safnaðarstjórn. Veittist áfrýjandi mjög að stefndu og sakaði hana um andóf gegn prestinum, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, og tilfærði að sínu leyti ýmis atvik úr starfi safnaðarins. Efni þessarar blaðagreinar og framsetningarhátt áfrýjanda verður óhjákvæmilega að meta í ljósi þess, sem stjórnin hafði látið frá sér fara, og hinnar almennu umræðu, sem á var komin um innri málefni safnaðarins. Skiptir þá ekki höfuðmáli, hvort stjórninni var nauðsyn að ganga svo langt sem hún gerði í útskýringum sínum, enda er áfrýjandi ekki sakaður um að vera upphafsmaður þess, að deilur innan safnaðarins voru dregnar svo mjög fram á opinberan vettvang.

Stefnda svaraði áfrýjanda með grein í Morgunblaðinu 27. júlí 1988. Nokkrir aðrir félagar í söfnuðinum birtu einnig greinar í blaðinu, þar sem atлага áfrýjanda var fordæmd. Í Fríkirkjunni, bréfi Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, 2. tbl. 7. árgangs, 1988, sem út kom nokkru síðar, var einnig fjallað um skrif áfrýjanda og formannsstarf hans í ýtarlegri skýrslu frá safnaðarstjórn.

Í máli þessu átelur stefnda tiltekin ummæli í blaðagrein áfrýjanda, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi ásamt málsástæðum aðila. Hér fyrir dómi er deilt um þau ummæli, sem tilgreind eru í liðum b, c, d, e í héraðsstefnu. Ummæli áfrýjanda samkvæmt liðum b og c fela í sér staðhæfingar almenns efnis um starf stefndu í safnaðarstjórn og afstöðu hennar til prestsins, og lýsa þau skoðunum áfrýjanda sjálfs. Hefur hann ekki fært eiginlegar sönnur að réttmæti þessara staðhæfinga, enda bera þær keim af sleggjudómum. Á hinn bóginn geta hin tilfærðu ummæli ekki talist svo meiddandi, að refsivert væri eftir XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar litið er til þeirra aðstæðna, sem fyrr var lýst. Verða ummælin ekki talin óviðurkvæmleg, þannig, að unnt sé að fallast á kröfu stefndu um ómerkingu þeirra samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna.

Telja verður, þegar til alls er litið, að þetta sama eigi við um ummæli áfrýjanda samkvæmt e-lið, þótt þau séu nokkru sértækari en hin fyrr-

nefndu. Verður hann einnig sýknaður af kröfum stefndu vegna þessara ummæla.

Í d-lið héraðsstefnu hefur stefnda tilfært þessi ummæli í grein áfrýjanda: „... Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum“. Í málinu er það nægilega fram komið, að annar stjórnarmaður en áfrýjandi hafi viðhaft þessi orð eða ígildi þeirra á fundi í safnaðarstjórn. Hins vegar hefur áfrýjandi gert þau að sínum með framsetningu þeirra í umræddri blaðagrein, og ber hann á þeim fulla ábyrgð. Á það ekki síður við, þegar þess er gætt, að hlutaðeigandi stjórnarmaður taldi ástæðu til að biðja stefndu afsökunar á ummælunum, svo sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi.

Með þessum síðasttöldu ummælum tekur áfrýjandi dýpra í árinni en svo, að réttlætt verði með vísan til annarra skrifa. Um beina sönnun á réttmæti þeirra er vart að ræða, enda telur áfrýjandi þau viðhöfð sem myndlíkingu án raunverulegra tengsla við þá starfsemi, sem almennt er kennd við hryðjuverk. Þótt viðurkenna beri, að þetta orðafar sé ekki óþekkt í almenntri stjórn málaumræðu hér á landi, er það alls kostar framandi því safnaðarstarfi, sem hér var til umfjöllunar. Í ummælunum felst þannig óvægin og niðrandi aðdróttun, sem áfrýjandi hefur ekki réttlætt, og voru þau óviðurkvæmleg. Ber að taka til greina kröfu stefndu um ómerkingu þeirra samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, eins og gert var í hinum áfrýjaða dómi.

Á það verður einnig að fallast, að stefnda eigi rétt til miskabóta á grundvelli 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga vegna þessara ummæla. Þykja þær hæfilega ákveðnar 30.000 krónur, er áfrýjandi ber að greiða stefndu með vöxtum frá uppsögu héraðsdóms, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi, Gísli G. Ísleifsson, greiði stefndu, Bertu Kristinsdóttur, 30.000 krónur í miskabætur með hæstu almennum innlánsvöxtum af þeirri fjárhæð frá 9. júlí 1990 til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, sem leggja má við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. júlí 1991, en frá dómsuppsögudegi

greiði hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu 140.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Þau ummæli, sem ómerkingar er krafist á, voru látin falla í hatrömmum deilum um safnaðarstarf í Frikirkjunni. Þær deilur voru opinberaðar í fjölmiðlum, og virðist hvorug hinna stríðandi fylkinga hafa kostað kapps um að halda þeim innan vébanda safnaðarins. Voru því hin umdeildu orð áfrýjanda viðhöfð í svargrein við greinargerð safnaðarstjórnar í viðlesnu dagblaði, þar sem meðal annars var vegið að heiðri áfrýjanda sem fyrrum formanns Frikirkjusafnaðarins. Stefnda var einn höfunda þessarar greinargerðar. Er óhjákvæmilegt að meta ummælin í ljósi þessa.

Ummæli áfrýjanda í liðum b, c og e fela fyrst og fremst í sér skoðun hans á stöðu og störfum stefndu í stjórn Frikirkjusafnaðarins. Ég er samþýkkur meiri hluta dómenda um það, að þau séu ekki slík, að þau verði ómerkt.

Orðið „hryðjuverkastarfsemi“ í lið d vísar í eiginlegri merkingu til ódædisverka og ofbeldis. Í líkingamáli er orðið notað til þess að lýsa neikvæðum aðferðum og afleiðingum tiltekinna starfsemi, en tengist ekki beitingu líkamlegs ofbeldis eða eiginlegum hermdarverkum. Áfrýjandi virðist nota þetta orð til þess að lýsa áliti með myndrænum hætti og draga saman þá niðurstöðu, að störf stefndu hafi ekki verið söfnuðinum til þurftar, eins og ummæli hans í liðum b, c og e gefa til kynna. Í þessu samhengi verður notkun orðsins „hryðjuverkastarfsemi“ í illskeyttum og opinberum deilum málsaðila að teljast innan marka þess tjáningarfrelsis, sem varið er í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að sýkna beri áfrýjanda af öllum kröfum stefndu. Eftir atvikum væri rétt að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. júní 1989, af Bertu Kristinsdóttur, kt. 030635-3029,

Háaleitisbraut 45, Reykjavík, gegn Gísla G. Ísleifssyni hrl., kt. 180526-4719, Háaleitisbraut 36, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að eftirtalin ummæli, sem birtust í grein, ritaðri af stefnda, á bls. 14 í Morgunblaðinu 15. júlí 1988, verði dæmd ómerk:

- a. „Fjandskapur Bertu í garð prestsins fór ekki fram hjá neinum.“
- b. „Hafði hún reyndar verið á móti öllum góðum málum í stjórninni.“
- c. „Gekk andróður hennar og neikvæðni svo langt.“
- d. „Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum.“
- e. „Samkvæmt þessu eru því tvö ár og níu mánuðir, sem líða, án þess að aðrir samskiptaörðugleikar við sr. Gunnar rísi nema þeir, sem rót eiga að rekja til Bertu Kristinsdóttur og setu hennar í stjórninni.“

2. Að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir framangreind ummæli sín.

3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 100.000 kr. í miskabætur með [nánar tilgreindum vöxtum].

4. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 100.000 kr. til að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum. Ársvextir skulu greiddir af upphæðinni skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá birtingu dómsins til greiðsludags, og bætist áfallnir vextir við höfuðstólinn á tólf mánaða fresti skv. 12. og 14. gr. vaxtalaga, uns skuldin er að fullu greidd.

5. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts. Vextir reiknist af væntanlegum tildæmdum málskostnaði að liðnum fimmtán dögum frá dómsbirtingu til greiðsludags skv. 10., 12. og 14. gr. vaxtalaga.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda og gerð sú krafa, að málskostnaðar verði látinn niður falla.

Málavextir og málsástæður.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að í Morgunblaðinu, sem kom út 15. júlí 1988, hafi birst grein eftir stefnda undir fyrirsögninni: „Opið bréf til „stjórnar“ Friðkirkjusafnaðarins í Reykjavík“. Kveður stefnandi þar margsinnis að sér vikið á ærumeiðandi hátt. Séu ummæli þau, sem stefnt sé út af og upp talin séu hér að framan, tekin orðrétt úr nefndri grein stefnda. Stefndi hafi áður verið formaður safnaðarstjórnar Friðkirkjusafnaðarins í Reykjavík um hrið, en stefnandi verði varaformaður stjórnarinnar, þegar greinin var skrifuð.

Í svargrein, sem stefnandi ritaði og birtist í Morgunblaðinu 27. júlí 1988, hafi stefnandi gefið stefnda kost á því að biðjast afsökunar í Morgunblaðinu á ummælum sínum um stefnanda. Orðrétt segi svo í svargrein stefnda: „Ég vil gefa Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni tækifæri til að biðjast afsökunar í Morgunblaðinu á orðum sínum, þegar hann kemur heim frá Benidorm

og áttar sig á veruleikanum. Það er í anda þess starfs, sem unnið er í Fríkirkjunni.“ Þar sem stefndi hafi ekki viljað nota sér þetta tækifæri, sem stefnandi hafi gefið honum til sátta, telji stefnandi nauðsynlegt að leita með málið til dómstóla.

Stefnandi hafi um árábil starfað mikið innan Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík og meðal annars átt sæti í safnaðarstjórn þau tvö ár, sem stefndi gegndi þar formennsku. Störf í safnaðarstjórnnum séu umfram allt sjálfboda- og þjónustuvinna, sem fólk inni af hendi vegna áhuga síns á málefnum. Þær deilur, sem risið hafi um störf og síðar frávikningu fyrrverandi safnaðarprests, sr. Gunnars Björnssonar, hafi vissulega valdið sárindum, en stefnandi telji, að þær geti á engan hátt réttlætt hin umstefndu ummæli, sem stefndi hafi látið falla um stefnanda í nefndri blaðagrein. Þá telji stefnandi, að sérstaklega beri að taka tillit til þess, að stefndi er hæstaréttarlögmaður og búi því yfir víðtækri þekkingu á lögum, þar á meðal meiðyrðalöggjöfinni. Hafi stefnda því hlotið að vera vel kunn þau takmörk, sem lögin setji meiðandi ummælum manna um annað fólk.

Stefnandi telji stefnda víða veitast að sér á meiðandi hátt í umræddri blaðagrein, en þau ummæli, sem sérstaklega sé stefnt út af, séu áður tilgreind.

Stefnandi telji hin umstefndu ummæli brjóta í bága við ýmis ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar:

a. Stefnandi telji ummæli stefnda ærumeiðandi og móðgandi, sbr. 234. gr. almennra hegningarlaga.

b. Stefnandi telji, að ummæli stefnda feli í sér aðdróttanir virðingu sinni til hnekkis, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

c. Stefnandi telji aðdróttanir stefnda í sinn garð bornar út gegn betri vitund hans, sbr. 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Enn fremur hafi stefndi enga sennilega ástæðu haft fyrir aðdróttunum sínum, svo sem til dæmis að staðhæfa, að stefnandi hafi „reyndar verið á móti öllum góðum málum í stjórninni“ og „stundað hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum“, sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga.

Stefnandi bendi á í þessu sambandi, að það leysi stefnda ekki undan ábyrgð hans á notkun orðsins „hryðjuverkastarfsemi“, þó að hann segi það haft eftir einhverjum öðrum, í þessu tilfelli ónafngreindum aðila. Það sé stefndi, sem noti sjálfur þetta orð í blaðagrein sinni og beri þar með út þá aðdróttun og móðgun í garð stefnanda, sem í því felist, sbr. tilvitnuð lagaákvæði.

Krafan um ómerkingu orða stefnda, sem tilgreind séu í stefnu, sé studd ákvæðum 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Krafan um, að stefndi greiði stefnanda kostnað við að standa straum af birtingu dómsins sé studd ákvæðum 2. mgr. 241. gr. sömu laga.

Miskabótakrafan sé rökstudd með vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Um refsí- og fóbótaábyrgð stefnda vísist enn fremur til 1. mgr 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.

Um forræði stefnanda til málshöfðunar vísist til 3. mgr. 242. gr. almennra hegningarlaga.

Málsástæður stefnda eru eftirfarandi:

Svo sem fram komi í stefnu og stefnandi hafi tilgreint undir staflíðum a, b, c, d og e, séu þau ummæli, sem hann telji vera meiðandi. Á hinn bóginn hafi hann ekki heimfært ákveðin ummæli undir tilteknar hegningarlagagreinar. Með tilliti til þess þurfi dómstóllinn að taka afstöðu til, hvort vísa beri málinu frá dómi ex officio. Hér sé um einkarefsimál að ræða, og verði því að gera þar hliðstæðar kröfur til sundurgreiningar í stefnu á refsíákvæðum, eins og gildi um ákæru í opinberu máli, sbr. t. d. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þar segi í 3. tl. 2. mgr., að í ákæruskjali skuli greina, svo að ekki verði um villst, „hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem brot er talið varða við“. Hvorki í stefnu né greinargerð sé nægilega tilgreint, í hverju brotið sé fólgið, t. d., hvort átt sé við móðgun eða aðdróttun eða hvort aðeins sé átt við, að aðdróttanir hafi verið bornar út, þ. e. með ritun blaðagreinar. Megi því ætla, að stefnan skv. framan-sögðu sé ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 54/1988 um það, sem greina skuli í stefnu. Taka beri því tillit til þess, að stefna í einkarefsimáli samsvari ákæru í opinberu máli.

Málsástæður stefnda varðandi einstök ummæli eru eftirfarandi:

a) „Fjandskapur Bertu í garð prestsins fór ekki fram hjá neinum.“ Dregið sé í efa, að orðið fjandskapur sé í þessu sambandi ærumeiðandi. Orðabók Menningarsjóðs gefi þær skýringar einar, að orðið þýði sama og óvinátta. Enginn vafi sé á því, að deilur milli prestsins og stefnanda hafi verið komnar á það stig, að greinilegs kala gætti í ummælum og skrifum beggja. Telji stefndi, að hann geti fært sönnur á orð sín með því að leiða safnaðarmenn sem vitni. Stefndi telji, að með orðinu „fjandskapur“ hafi hann aðeins átt við gagnkvæmt ósamkomulag eða gremju hvors í annars garð. Þannig sé því mótmælt, að hér sé um ærumeiðingu eða móðgun í orðum að ræða.

b) „Hafði hún reyndar verið á móti öllum góðum málum í stjórninni.“ Þessi tilvitnaða setning sé slitin úr sambandi við það, sem áður sé ritað í um-ræddri blaðagrein, þar sem þess sé getið, að stefnandi hafi borið fram vitar á stefnda og annan stjórnarmann algjörlega að tilefnislausu. Stefndi telji sig hafa verið að gjalda líku líkt með þessu orðalagi.

c) Einnig megi segja, að stefndi hafi verið að gjalda líku líkt með orðalagi: „Gekk andróður hennar og neikvæðni svo langt“, en þau orð séu líka slitin úr sambandi, því að í framhaldinu segi, „að stjórnarmenn sögðust koma á stjórnarfundi titrandi á taugum“. Orðin „andróður“ og „neikvæðni“ séu

á engan hátt meiðyrði. Neikvæðni geti átt fullan rétt á sér, þegar andröðurinn sé réttmætur.

d) „Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum.“ Þarna sé lýsing á því, hvað einn stjórnarmaður hafi sagt. Setningin sé slitin úr samhengi, því að svo hljóði málgreinin öll: „Einn þeirra lýsti yfir því á stjórnarfundum, að Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum.“ Hér sé það alls ekki stefndi, sem beri á stefnanda, að hann teljist hryðjuverkamaður, heldur aðeins haft eftir öðrum stjórnarmanni. Sjálf hafi Berta borið það út í blaðagrein og segist taka það orðrétt upp eftir stefnda, að frá honum sé þessi setning runnin. Þetta sé alrangt, eins og blaðagrein stefnda beri með sér. Þannig vilji hún heimfæra annarra orð upp á stefnda, þótt hún viti betur.

e) Þessi liður sé talinn meiðandi af stefnanda, en hann hljóði svo: „Samkvæmt þessu eru því tvö ár og níu mánuðir, sem líða, án þess að aðrir samskiptaörðugleikar við séra Gunnar risi nema þeir, sem rót eiga að rekja til Bertu Kristinsdóttur og setu hennar í stjórninni.“ Í þessum orðum felist engin meiðyrði, aðeins fullyrðing um það, að ónafngreindar deilur verði ekki raktar til klerksins, heldur stjórnarformannsins, en um það séu venjulega skiptar skoðanir, hvor valdi, þegar tveir deila.

Tölulega séu bótakröfur stefnanda um 100.000 króna miskabætur fjarstæða, og sama megi segja um kröfur skv. lið 4 um bætur til stefnanda, 100.000 kr., til að kosta birtingu dóms.

Að öðru leyti vísist til aðilaskýrslu stefnda, en þess sérstaklega getið, að stefndi eigi ekki einn sök á þeim deilum, er risið hafa milli málsaðila, og þótt sum ummæli sín séu allhvöss, telji hann, að bæði klerkurinn og hann sjálfur hafi orðið að þola ummæli, sem verið hafi í svipuðum dúr, þótt þeir hafi ekki talið ástæðu til að standa í málaferlum við safnaðarfólkið.

Niðurstaða.

Í grein, er stefndi skrifaði og birt var í Morgunblaðinu 15. júlí 1988 undir nafninu: „Opið bréf til „stjórnar“ Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík“, eru ummæli þau, er stefnandi gerir kröfu til, að dæmd verði ómerk.

Í grein stefnanda, er birtist í Morgunblaðinu 27. júlí 1988 undir nafninu: „Andsvar við „opnu bréfi“ Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns“, fjallar stefnandi um grein stefnda. Ljóst er því, að 27. júlí 1988 var stefnanda kunnugt um skrif stefnda. Mál þetta var ekki höfðað fyrr en með stefnu, birtri 21. júní 1989, og var þá fallin niður heimild til þess að höfða einkamál til refsingar út af fyrrgreindum ummælum, sbr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Umrædd lagagrein tekur hins vegar ekki til ómerkingar, og hefur stefnandi því ekki glatað rétti sínum til að höfða mál til ómerkingar á fyrrgreindum ummælum.

Ummæli þau, sem stefnandi gerir kröfu til, að dæmd verði ómerk, eru merkt a - e.

a. Þegar virtur er framburður stefnanda fyrir dómi varðandi ummæli þessi svo og framburður þeirra vitna, er skýrslu gáfu fyrir dómi, verður að telja, að nægar sönnur hafi verið færðar á réttmæti þessara ummæla í máli þessu, og verða ummælin því eigi ómerkt.

b. Stefndi hefur ekki fært sönnur á ummæli þessi. Þykja þau óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

c. Ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt, og þegar í heild er litið til þeirrar málsgreinar, sem umrædd ummæli eru hluti af, verður að telja þau móðgandi fyrir stefnanda, og ber skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau.

d. Stefndi heldur því fram, að þessi ummæli séu ekki sín eigin, heldur hafi þau verið höfð eftir öðrum stjórnarmanni, sem hafi viðhaft þau á stjórnarfundum. Umræddur stjórnarmaður, Eyjólfur Halldórsson, kvaðst á stjórnarfundum hafa ávarpað stefnanda harkalega og beðið hana síðar afsökunar á orðum sínum. Ekki kannaðist hann við að hafa viðhaft nákvæmlega þessi orð. Verður því að telja ósannað, að ummæli þessi, eins og þau voru fram sett í blaðagrein stefnda, hafi verið frá öðrum komin.

Umrædd ummæli um störf stefnanda innan Fríkirkjusafnaðarins hafa ekki verið réttlætt. Fela þau í sér ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda, og ber því samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau.

e. Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi ekki fært sönnur á ummæli þessi. Teljast þau óviðurkvæmileg, eins og þau eru fram sett, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi þykir eiga rétt til nokkurra miskabóta vegna ummæla stefnda skv. d-lið. Þykja bætur hæfilega ákveðnar 60.000 kr. Dæmast dráttarvextir af þeirri fjárhæð frá 9. júlí 1990 til greiðsludags.

Ekki þykir ástæða til þess að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á birtingarkostnaði.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli undir liðum b til e skulu vera ómerk.

Stefndi, Gísli G. Ísleifsson, greiði stefnanda, Bertu Kristinsdóttur, miskabætur, 60.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. júlí 1990 til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. júlí 1991.

Stefndi, Gísli G. Ísleifsson, greiði stefnanda, Bertu Kristinsdóttur, 90.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.